

Auðráðin gáta

I.

„Yfirláttúrleg fyrirbrigði“ heitir grein í Jólalesbók Mbl., eftir W. M. Hurst. Kveðst höf ekki trúá á slíkt, „en þó hafa tveir svo merkilegir atburðir hent misum ævina“ — segir hann — „að jeg finn enga skýringu á þeim“. Annað er það, að hann er á ferð um landshluta, þar sem hann hefir aldrei komið áður. En alt í einu fer hann að kannast við sig, og verður þetta beinur og betur, svo að hann getur jafnvel sagt hvað framundan er. Atburður þessi er auðskýrður. Hurst fær samband við framliðinn, og þá að öllum lískindum einmitt við þessa formóður sína, sem hann segir að átt hafi heima í því landi fyrir mörgum mannsöldrum. Hún lítur nú aftur fornar slöðir með aðgum þessa niðja síns, en hann fær aftur þátt í kunnugleika hennar á þessum stöðum. Atburðir af þessu tagi eru ekki mjög óalgengir, en að þeir eru taldir yfirláttúrlegir er af slíkum ástæðum, sem komu Íslendingum 17. og 18. aldarinnar til að telja yfirláttúrlega atburði rafljós þau sem eldgosum eru samfara.

II.

Sambandsendurminningar af þessu tagi, sem Hurst segir frá, hafa átt meginþáttinn í að skapa endurburðartrúna, þá trú, að sá sem endurminningarnar virðist eiga, hafi lífað áðær og dáið, en fæðst svo aftur. Endurminningar slíkar eru nokkurskonar *vakandi* draumur, og sá sem athugar nögu gaumgæfilega, mun komast að raun um, að hann á í drammi fjölda af svipuðum endurminningum, sem styðjast ekki við neina viðburði í vökulífi hans. Getur þetta orðið mónum góð hjálp til þess að átta sig á sambandseðli draumlífsins.

Mb. 3 / 4. 1. 38

III.

Hinn atburðurinn, sem Hurst segir frá, er ekki eins auðskýrður, enda víkur þar nokkuð öðruvísi við, og frásögnin er ekki nógu nákvæm. Talsverðar líkur virðast þó til þess, að einnig þar komi til greina einmitt þetta sama samband hans við formóður síma. Hún hefir vitað um þennan háska, sem niðja heimar var búinn, og með tilstyrk muniks ins svæfir hún hann eða dáleiðir, svo að hann missir af feigðarlestinni. Er þar þá fagurt dæmi þess, hvernig þekking á því, sem dregur til, eða verða vill (to mellon), getur orðið til þess að afstýra slysi: Mellon verður ekki sama sem esomenon; sbr. grein mína um spádóma, sem kom fyrir ekki alllöngu í einhverju blaði. Mintist jeg þar, ef jeg man rjett, á þá algengu en röngu trú, að ef menn geti sjeð fyrir óordna viðburði, þá verði af því að álykta, að menn berist í rauninni fyrir straumi örlaganna, þannig að þeir fái þar engu um þokað.

Á jólanóttina 1937.

Helgi Pjeturss.